

## **SAMÞYKKT**

### **um hunda- og kattahald í Vestmannaeyjabæ**

#### **1. gr.**

##### **Gildissvið og stjórnsýsla**

Samþykkt þessi gildir um hunda- og kattahald innan marka Vestmannaeyjabæjar.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands fer með eftirlit með framkvæmd samþykktarinnar eftir því sem lög og stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um.

Vestmannaeyjabær annast framkvæmd samþykktarinnar og getur falið starfsmönnum sínum eða öðrum þar til bærum aðilum eftirlit með hunda- og kattahaldi.

#### **2. gr.**

##### **Leyfi til hunda- og kattahalds**

Hunda- og kattahald er heimilt í Vestmannaeyjabæ að fengnu leyfi og að uppfylltum skilyrðum samþykktar þessarar og annarra laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem um dýrahald gilda.

Að jafnaði er ekki veitt leyfi fyrir fleiri en þrjú skráð dýr á hvert heimili. Sé óskað eftir leyfi til að vera með fleiri en þrjú skráð dýr á heimili skal fylgja rökstuðningur svo sem um ástæður, aðbúnað og færni umráðamanns til frekara dýrahalds

Leyfi er bundið við tiltekið dýr, leyfishafa og heimili og er óframseljanlegt.

#### **3. gr.**

##### **Umsókn og skilyrði leyfis**

Umsókn um leyfi til hunda- eða kattahalds skal berast Vestmannaeyjabæ innan eins mánaðar frá því að dýr er tekið inn á heimili.

Hvolpar og kettlingar sem vistaðir eru á skráningarstað móður er heimilt að halda án sérstakrar skráningar þar til þeir ná fjögurra mánaða aldri, enda séu þeir skráðir á réttum tíma samkvæmt þessari samþykkt.

Við skráningu dýrs skal greiða skráningargjald samkvæmt gjaldskrá.

Leyfi má veita að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Umsækjandi sé lögráða.
2. Dýrið sé skráð á heimili umsækjanda í Vestmannaeyjabæ.
3. Dýrið sé örmerkt og upplýsingar um örmerki skráðar.

4. Uppfyllt séu ákvæði um ábyrgðartryggingu, ormahreinsun og aðrar skyldur samkvæmt 9. gr.
5. Umsækjandi hafi ekki ítrekað eða gróflega brotið gegn þessari samþykkt, lögum um velferð dýra eða öðrum reglum um dýrahald.

Við afgreiðslu umsóknar er Vestmannaeyjabæ heimilt að óska eftir nauðsynlegum gögnum eða upplýsingum frá umsækjanda og, eftir því sem heimilt er samkvæmt lögum, leita umsagnar annarra stjórnvalda.

Hafi umsækjandi ítrekað eða gróflega brotið gegn reglum um dýrahald er heimilt að hafna umsókn eða setja leyfi skilyrði.

#### **4. gr.**

##### **Bannaðar hundategundir**

Bannað er að halda hunda af þeim tegundum sem óheimilt er að flytja til landsins samkvæmt ákvörðun ráðherra svo og blendinga af þeim, sbr. 14. gr. reglugerðar um innflutning hunda og katta, nr. 200/2020.

#### **5. gr.**

##### **Hundar og kettir í fjöleignarhúsum**

Um hunda- og kattahald í fjöleignarhúsum gilda ákvæði laga nr. 26/1994, um fjöleignarhús, með síðari breytingum.

Hunda- og kattahald í fjöleignarhúsi er háð þeim réttindum, skyldum og takmörkunum sem leiða af lögum um fjöleignarhús.

Húsfélag getur, að uppfylltum skilyrðum laga um fjöleignarhús, sett nánari reglur um hunda- og kattahald í húsinu, svo lengi sem þær eru málefnalegar, eðlilegar og byggðar á jafnræði.

Verði hundur eða köttur til verulegs ama, ónæðis eða truflunar fyrir íbúa fjöleignarhúss, eða eigandi brýtur verulega eða ítrekað gegn skyldum sínum, getur húsfélag beitt þeim úrræðum sem því eru heimil samkvæmt lögum.

#### **6. gr.**

##### **Leiðsögu- og hjálparhundar**

Einstaklingi sem vegna blindu, fötlunar eða annarrar varanlegrar skerðingar er háður sérþjálfuðum leiðsögu- eða hjálparhundi er heimilt að halda slíkum hundi að uppfylltum skilyrðum laga og reglna þar um.

Leiðsögu- og hjálparhundur skal vera sérþjálfaður og skráður sem slíkur.

Við umsókn um leyfi getur Vestmannaeyjabær óskað eftir staðfestingu á þörf fyrir hundinn og að hann hafi hlotið viðeigandi þjálfun.

Ákvæði þessarar samþykktar skulu túlkuð til samræmis við réttindi leiðsögu- og hjálparhunda samkvæmt lögum.

## **7. gr.**

### **Skammtímadvöl**

Hundur eða köttur sem ekki er skráður í Vestmannaeyjabæ má dveljast innan sveitarfélagsins í allt að tvo mánuði án sérstakrar skráningar, enda sé dýrið skráð í öðru sveitarfélagi þar sem það á við.

Lengri dvöl er háð samþykki Vestmannaeyjabæjar.

Ef um fjöleignarhús er að ræða skulu jafnframt gilda þær reglur sem leiða af lögum um fjöleignarhús.

## **8. gr.**

### **Skráning dýra og tilkynningarskylda**

Öll leyfisskyld dýr skulu skráð hjá Vestmannaeyjabæ.

Við skráningu skal skrá eftir því sem við á:

1. nafn dýrs,
2. fæðingardag eða áætlaðan aldur,
3. kyn,
4. tegund,
5. lit og önnur auðkenni,
6. örmerkisnúmer,
7. skráningarnúmer,
8. nafn, kennitölu og heimilisfang eiganda eða leyfishafa.

Vestmannaeyjabær getur óskað eftir ljósmynd af dýrinu við skráningu.

Eiganda eða umráðamanni ber að tilkynna Vestmannaeyjabæ án ástæðulauss dráttar um:

1. breytingu á heimilisfangi dýrs,
2. eigendaskipti,
3. flutning dýrs úr sveitarfélaginu,

4. dauða dýrs,

5. aðrar breytingar sem kunna að hafa áhrif á skráningu eða leyfi.

Tilkynning skal eigi síðar en berast innan eins mánaðar frá því að breyting á sér stað.

## **9. gr.**

### **Ábyrgðartrygging, ormahreinsun og merking**

Eiganda eða umráðamanni hunda er skylt að tryggja að dýrið sé með þá ábyrgðartryggingu sem krafist er samkvæmt lögum og þessari samþykkt.

Innifalin í árlegu gjaldi fyrir hvern skráðan hund er ábyrgðartrygging vegna tjóns sem dýrið kann að valda þriðja aðila. Sveitarfélagið er með hópvátryggingu fyrir leyfða hunda. Gjald fyrir ábyrgðartryggingu er innifalið í árgjaldi og skal sveitarfélagið upplýsa umráðamenn um efni samningsins, sbr. ákvæði IX. kafla laga um vátryggingarsamninga, nr. 30/2004.

Eigandi eða umráðamaður skal fara eftir skilmálum tryggingarinnar og tilkynna Vestmannaeyjabæ án ástæðulauss dráttar um atvik sem kunna að falla undir ábyrgðartrygginguna.

Hunda og ketti skal ormahreinsa árlega samkvæmt nánari fyrirmælum Vestmannaeyjabæjar eða heilbrigðisyfirvalda. Eiganda ber að framvísa vottorði dýralæknis eða öðrum fullnægjandi gögnum um hreinsun þegar þess er krafist.

Hundar og kettir skulu vera örmerktir samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum. Upplýsingar um örmerki skulu vera skráðar í hunda- og kattaskrá Vestmannaeyjabæjar.

Hundar og kettir skulu ávallt bera ól eða annan viðeigandi búnað með skráningarnúmeri dýrsins. Á merkingu skal einnig vera símanúmer eiganda eða upplýsingar sem gera kleift að hafa samband við eiganda með skjótum hætti.

## **10. gr.**

### **Skráningar- og leyfisgjöld**

Fyrir skráningu og leyfi til hunda- og kattahalds skulu greidd gjöld til Vestmannaeyjabæjar samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Gjöld skulu taka mið af kostnaði sveitarfélagsins vegna skráningar, eftirlits, ábyrgðartryggingar, framkvæmdar samþykktarinnar og annarrar þjónustu sem tengist hunda- og kattahaldi.

Árlegt gjald skal greitt fyrirfram á þeim gjalddaga sem tilgreindur er í gjaldskrá.

Í árlegu gjaldi fyrir hvert skráð dýr er innifalinn kostnaður vegna ábyrgðartryggingar samkvæmt 9. gr.

Bæjarstjórn setur gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í samræmi við lög.

Hundar sem notaðir eru til leitar- og björgunarstarfa, svo og sérþjálfaðir og skráðir leiðsögu- og hjálparhundar, skulu vera undanþegnir árlegu leyfisgjaldi, en eru eftir sem áður skráningarskyldir og greiða skráningargjald nema annað leiði af lögum eða gjaldskrá.

## **11. gr.**

### **Umhirða, ábyrgð og umgengni**

Umhirða hunda og katta skal vera í samræmi við lög um velferð dýra og gildandi reglugerðir um velferð, aðbúnað og umhirðu gæludýra.

Eigandi og umráðamaður ber ábyrgð á dýrinu og skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að það valdi ekki hættu, tjóni, óþægindum, óþrifnaði eða óþarfa röskun á friði annarra.

Eiganda eða umráðamanni hunds er skylt að fjarlægja saur eftir hund sinn og farga honum með viðeigandi hætti.

Hundur má ekki ganga laus nema á lokuðu, hundaheldu svæði eða á svæði sem Vestmannaeyjabær hefur sérstaklega tilnefnt sem hundasvæði.

Á öðrum svæðum skal hundur vera í taumi og undir stjórn einstaklings sem hefur fullt vald yfir honum.

Óheimilt er að skilja hund eftirlitslausan utandyra þannig að hann geti valdið hættu eða ónæði.

Hund má ekki tjóðra með þeim hætti að hann geti komist út fyrir lóðamörk eða að aðgengi að húsi eða öðrum mannvirkjum skerðist.

Óheimilt er að þjálfa hund með þeim hætti að honum sé beitt gegn fólki eða öðrum dýrum eða að þjálfunin stuðli að árásarhegðun.

Til að lágmarka tjón sem kettir geta valdið fuglalífi ber eigendum að hengja bjöllu á ketti sína á varptíma fugla og á pysjutímabili og takmarka eftir atvikum útiveru katta.

Eigendur og umráðamenn skulu að öðru leyti fara eftir lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum um velferð og umhirðu dýra.

## **12. gr.**

### **Staðir þar sem dýr eru ekki heimil**

Óheimilt er að fara með hunda og ketti inn á staði þar sem slíkt er bannað samkvæmt lögum eða reglugerðum, þar á meðal þar sem sérstakar kröfur um hollustuhætti, matvælaöryggi eða sóttvarnir gilda.

Þar sem bann samkvæmt 1. mgr. á við skulu leiðsögu- og hjálparhundar þó hafa þann aðgang sem lög heimila.

Óheimilt er að fara með hunda á almennar samkomur nema skipuleggjandi eða viðkomandi stjórnvald hafi sérstaklega heimilað það.

Óheimilt er að skilja hund eða kött eftir eftirlitslausan eða tjóðraðan við staði þar sem dýrið má ekki vera.

Bæjarstjórn getur, að undangengnu mati á öryggi, hollustuháttum eða almannahagsmunum, ákveðið að tiltekin svæði séu lokað fyrir hunda eða hunda- og kattahald.

Heilbrigðisnefnd eða annað þar til bært stjórnvald getur veitt undanþágu í sérstökum tilvikum að því marki sem lög heimila.

Hundar sem notaðir eru við löggæslu, björgunarstarf eða sem sérþjálfaðir leiðsögu- eða hjálparhundar eru undanþegnir takmörkunum samkvæmt þessari grein að því marki sem nauðsynlegt er vegna starfa þeirra og lög heimila.

### **13. gr.**

#### **Lausir, varasamir og hættulegir hundar og kettir**

Ef hundur sleppur skal eigandi eða umráðamaður þegar í stað gera viðeigandi ráðstafanir til að handsama hann.

Hund sem finnst laus má handsama og færa í dýrageymslu eða annan viðeigandi stað.

Sé hundur merktu skal eiganda tilkynnt um handsömun eins fljótt og unnt er.

Eiganda er skylt að greiða kostnað vegna handsömunar, flutnings, geymslu, fóðrunar, aflífunar dýrs og annarrar nauðsynlegrar meðhöndlunar dýrsins ef á þarf að halda og eins og lög heimila.

Óheimilt er að afhenda handsamaðan hund fyrr en skráning hefur verið leiðrétt eða komið á, eftir því sem við á, og áfallinn kostnaður hefur verið greiddur eða um greiðslu hans samið.

Hafi eigandi ekki vitjað hunds innan sjö sólarhringa frá handsömun er heimilt að ráðstafa honum í samræmi við lög.

Ómerktum hundum má ráðstafa samkvæmt lögum án þess að eigandi hafi verið auðkenndur, enda séu skilyrði laga um slíka ráðstöfun uppfyllt.

Telji eigandi eða umráðamaður hund vera varasaman eða hættulegan skal hann gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja öryggi fólks og dýra, þar á meðal nota viðeigandi múl eða annan öryggisbúnað þegar hundurinn er utan heimilis.

Hafi hundur bitið mann eða dýr, eða teljist hann að öðru leyti hættulegur, skal málið tekið til meðferðar af þar til bærum eftirlitsaðila í samræmi við lög.

Ef nauðsynlegt þykir að grípa til aflfunar skal það gert í samræmi við lög um velferð dýra og önnur viðeigandi stjórnvaldsfyrirmæli.

Bæjarstjórn eða þar til bært stjórnvald getur látið fanga ómerkta eða hálfvillta ketti þegar nauðsynlegt er vegna dýravelferðar, almannaöryggis, heilsuverndar eða til að draga úr óæskilegum áhrifum villikatta.

Meiriháttar aðgerðir vegna föngunar katta skulu auglýstar með hæfilegum fyrirvara þegar aðstæður leyfa.

Merkir kettir sem finnast í flækingi skulu, eftir því sem unnt er, færðir eiganda gegn greiðslu áfallins kostnaðar.

#### **14. gr.**

##### **Þvingunarúrræði og viðurlög**

Brjóti eigandi eða umráðamaður gegn samþykkt þessari, lögum um velferð dýra eða öðrum reglum um hunda- og kattahald er heimilt að beita þeim úrræðum sem lög mæla fyrir um.

Við mat á viðbrögðum skal meðal annars líta til eðlis og alvarleika brots, hvort um ítrekað brot sé að ræða og hvort eigandi hafi brugðist við ábendingum eða fyrirmælum stjórnvalds.

Við minniháttar brot skal eiganda, eftir því sem við á, veitt áminning og hæfilegur frestur til úrbóta áður en gripið er til frekari úrræða.

Við alvarleg eða ítrekuð brot er heimilt að afturkalla leyfi til hunda- eða kattahalds eða banna viðkomandi að halda hund eða kött í Vestmannaeyjabæ, að uppfylltum skilyrðum laga.

Áður en ákvörðun er tekin um íþyngjandi stjórnvaldsúrræði skal gætt að reglum stjórnsýslulaga, þar á meðal um andmælarétt, rannsókn máls, meðalhóf og rökstuðning.

Um valdsvið stjórnvalda, þvingunarúrræði, brot og kæruleiðir fer að öðru leyti samkvæmt lögum.

#### **15. gr.**

##### **Gildistaka og brottfall eldri samþykktar**

Samþykkt þessi er sett með stoð í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og öðrum lögum sem gilda um hunda- og kattahald.

Samþykktin öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Við gildistöku samþykktarinnar fellur úr gildi eldri samþykkt um hunda- og kattahald í Vestmannaeyjabæ.